

Ed.

403. Frumvarp

til laga um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sjerstök lánadeild skal stofnuð við Landsbanka Íslands, sem annast lánveitingar samkvæmt lögum þessum. Deildin nefnist Búnaðarlánadeild.

2. gr.

Til ársloka 1926 leggur Landsbanki Íslands deildinni til alt að 500 þús. kr. á ári til útlána. Sjerstakan reikning skal bankinn halda um deildina.

3. gr.

Tilgangur deildarinnar er:

1. að veita lán til jarðabóta með veði í fasteignum á Íslandi.
2. að veita lán til jarðabóta, til stofnunar nýbýla og til stofnunar mjólkurbúa til smjör- og ostagerðar, trygt með ábyrgð bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga.
3. að veita lán til löggiltra fjelaga fasteignaeigenda (shr. 17. gr. laga nr. 64 1921, um stofnun Ríkisveðbanka Íslands), er hafa með höndum samvinnumannvirki til jarðabóta, svo sem áveitu á engi, samgirðingar eða önnur álíka mannvirki, og sjeu lánin trygð með veði í afgangnum af eignunum, með samskonar forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum sem opinberir skattar væru.
4. að veita lán til varanlegra húsabóta i sveitum.

4. gr.

Tryggingar fyrir lánnum ákveður stjórn Landsbanka Íslands með reglugerð, í samræmi við 12.—20. gr. í lögum nr. 64 1921, um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, að fengnum tillögum frá Búnaðarfjelagi Íslands.

5. gr.

Umsókn um lán úr deildinni skal jafnan fylgja áætlun um kostnað við þá landbúnaðarframkvæmd, sem lánið er tekið til, gerð af manni, sem Búnaðarfjelað Íslands tekur gildan; enn fremur áætlun um væntanlegan arð af endurbótinni eða verðhækkun vegna hennar. Þegar um lán til húsabóta er að ræða, skal umsókninni fylgja áætlun um kostnað frá byggingarfróðum manni, og skulu byggingarnar framkvæmdar eftir fyrirsögn og undir eftirliti slíks manns.

6. gr.

Stjórn Landsbankans skal leita umsagnar Búnaðarfelags Íslands um lánveitingar úr deildinni.

7. gr.

Lán veitist því að eins úr deildinni, að lántakandi leggi fram til hinna umræddu framkvæmda sem svarar a. m. k. $\frac{1}{3}$ kostnaðar við þær. Alt að helmingi lánsins má greiða strax, en afganginn ekki fyr en verkinu er lokið og skoðun hefir farið fram á því, á kostnað lántakanda, framkvæmd af mönnum, sem Búnaðarfelag Íslands tekur gilda. Ef um stærri fyrirtæki er að ræða, má þó greiða lánið í fleiri hlutum, jafnóðum og verkinu miðar áfram, eftir tillögum Búnaðarfelags Íslands.

8. gr.

Vextir af lánum úr deildinni mega vera alt að 1% hærri en venjulegir sparisjóðsvextir bankans, þó ekki hærri en 6%, og lánstíminn eigi skemri en 25 ár og lánin afborgunarlaus fyrstu 5 árin.

9. gr.

Þá er lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands komast til framkvæmdar, skal deild þessi leggjast niður og hverfa inn í hann með þeim hætti, sem stjórnarráðið ákveður í samráði við stjórn Landsbanka Íslands.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1924. Tekur Búnaðarlánadeildin þá þegar til starfa. Framlag Landsbankans til deildarinnar árið 1924 skal vera alt að 250 þús. kr.